

veiting til handa íslenskum stúdentum við erlenda háskóla, svo og orðin: „námsstyrkjum þeim og námslánunum, sem og“ og „öðrum“ í g-lið 7. gr. l. nr. 50 5. júní 1957, um menningarsjóð og menntamálaráð.

Gjört í Reykjavík, 31. marz 1967.

Bjarni Benediktsson. Birgir Finnsson. Gizur Bergsteinsson.
(L. S.)

Gylfi Þ. Gislason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 53 1966, um vernd barna og ungmenna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 12. gr. laga nr. 53 1966, um vernd barna og ungmenna, orðist svo:
Ráðherra skipar fimm manna barnaverndarráð til 4 ára í senn. Skal það hafa aðsetur í Reykjavík. Formaður ráðsins skal vera lögfræðingur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 4. marz 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Gylfi Þ. Gislason.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Fremri-Torfustaðahreppi eyðijörðina Lækjarbæ.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Fremri-Torfustaðahreppi eyðijörðina Lækjarbæ í Fremri-Torfustaðahreppi fyrir það verð, er um semst eða verður ákveðið samkvæmt mati dómkvaddra manna.

Hreppsnefnd Fremri-Torfustaðahrepps er óheimilt að selja öðrum en ríkissjóði umrædda jörð eða hluta af henni eða hlunnindi, sem henni fylgja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 10. marz 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

20. marz 1967.

Nr. 10.

L Ö G

um löggildingu á verzlunarstað í Egilsstaðakauptúni í Suður-Múlasýslu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í Egilsstaðakauptúni í Suður-Múlasýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þá er atvinnumálaráðuneytið hefur ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar samkvæmt lögum nr. 61 10. nóv. 1905 og birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Gjört að Bessastöðum, 20. marz 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

15. febrúar 1967.

Nr. 11.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Í forsætisráðuneytinu, 15. febrúar 1967.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.